

119/01 - Ásbjörn RE 50

Ásbjörn RE 50, skipverji slasast er hann fellur á milli þilfara

Ásbjörn RE 50

Skipaskr.nr.: 1509

Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1978 Stál

Stærð: 442,00 brl; 652,00 bt

Lengd: 49,86 m **Breidd:** 9,50 m **Dýpt:** 6,60 m

Vél: Werkspoor 1.450,00 kW **Árgerð:** 1985

Annað:

Földi skipverja: 16



Atvikalýsing

Hinn 01. desember 2001 var Ásbjörn RE 50 á siglingu um 3 sml. vestur af Sandgerði og á leið á miðinn. Veður: SV 10 m/sek. og töluverður sjór á móti.

Um kl. 00:40 tók skipið dýfu og einn skipverjinn sem var í bröttum stiga féll fram fyrir sig og lenti með höfuðið á handslökkvitæki sem staðsett var á neðsta þilfari (þilfari) gegnt stiganum. Við þetta hlaut hann skurð á hvirfil auk þess sem hann kvartaði undan verk í hnakka.

Ákveðið var að sigla með hann í land og var komið til Helguvíkurhafnar um kl. 02:00. Skipverjinn var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til skoðunnar og aðhlynningar en reyndist ekki alvarlega slasaður.

Við rannsókn kom fram

- að stigin var nokkuð brattur og fallhæðin rúmir tveir metrar;
- að stigin var dúklagður með rifluðum állistum;
- að hinn slasaði var undir áhrifum áfengis.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.